



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Vatnsendahvarf Athafnasvæði Breytt deiliskipulag

Umsögn

Forsendur
Ferill málsins
Athugasemdir og umsagnir
Niðurstaða

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026

Kópavogi 25. mars 2022/ ss
Samþykkt /hafnað í skipulagsráði 4. apríl 2022
Samþykkt /Hafnað í bæjarstjórn 12. apríl 2022
málsnr. 2201223

1) Forsendur

Í gildi er deiliskipulag Vatnsendahvarf – Athafnasvæði, samþykkt í bæjarstjórn 25. september 2001 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 15. janúar 2002. (sjá fylgiskj. 1) með síðari breytingu 23. september 2005 (sjá fylgiskj. 2)

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019 til 2040 staðfest 28. desember 2021 er gert ráð fyrir verslunar og þjónustusvæði á umræddu skipulagssvæði.

2) Ferill máls

Á fundi skipulagsráðs þann 17. janúar 2022 var lögð framtillaga skipulagsdeildar um breytt deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf – Athafnasvæði. Í tillögunni felst að breyta mörkum skipulagssvæðis Vatnsenda athafnasvæðis í samræmi við deiliskipulag fyrir 3. áfanga Arnarnesvegar sem auglýst er samhliða breyttu deiliskipulagi þessu. (sjá fylgiskj. 3)

Skipulagsráð samþykkti með tilvísun í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga að auglýsa framlagða tillögu og vísað erindinu til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Á fundi bæjarstjórnar 25. janúar 2022 var afgreiðsla skipulagsráðs um auglýsingu staðfest.

Tillagan var auglýst í Fréttablaðinu 25. janúar 2022 birt í Lögbirtablaði 1. febrúar 2022. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 16. mars 2022.

Dreifibréf dags. 31. janúar 2022 þar sem vakin var athygli á kynningunni var send til lóðarhafa við Urðarhvarf

Athugasemd barst.

Á fundi skipulagsráðs þann 28. mars 2022 var erindið lagt fram að nýju ásamt innsendum athugasemdum (sjá fylgiskj. 4) og því frestað og vísað til umsagnar skipulags- og byggingardeildar.

Á fundi skipulagsráðs 4. mars 2022 var erindið lagt fram að nýju ásamt þessari umsögn dags. 25. mars 2022. Tillaga er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 ásamt skýringarmyndum dags. 17. janúar 2022.

3) Athugasemdir og ábendingar við erindi dags. 17. janúar 2022.

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá:

1. Kolfinnu Guðmundsdóttur og Guðmundi Inga Bjarnasyni, Ennishvarf 17 sbr. tölvupóst dags. 15. mars 2022. (sjá fylgiskj. 3)

Kolfinna Guðmundsdóttir og Guðmundur Ingi Bjarnason Ennishvarf 17

1.1

Við undirrituð lóðarhavar Ennishvarfs 17 mótmælum harðlega þeirri auglýstu breytingu á lóð okkar sem kemur fram á deiliskipulagsuppdrættinum dagsettum 17. janúar 2022 (2201223 Vatnsendahvarf – athafnasvæði. Tillaga að breyttu deiliskipulagi) Í umræddri deiliskipulagstillögu er stór hluti lóarinnar nú merktur sem athafnasvæði þar sem sett hefur verið inn kvöð um grænt svæði. (sjá fylgiskj. 4)

Umsögn 1.1:

Skipulagsdeild tekur undir athugasemd lóðarhafa Ennishvarfs 17. Í vinnslu breytts deiliskipulags Vatnsenda – athafnasvæðis þar sem verið er að breyta mörkum umrættis skipulagssvæðis láðist að setja inn núverandi íbúðarhús og lóð eins og sýnd eru á gildandi mæli- og hæðarblaði. (sjá fylgiskj. 4)

Skipulagsdeild leggur til að komið verið til móts við athugasemd lóðarhafa Ennishvarfs 17 og umrætt íbúðarhús sett inn á kynntan skipulagsupprátt og lóðarmörk leiðrétt.


3) Niðurstaða umsagnar skipulagsdeildar 4. apríl 2022:

Með vísan í ofangreinda umsögn er það mat skipulagsdeildar að auglýst tillaga skipulagsdeildar fyrir Vatnsendahvarf – athafnasvæði hafi verið leiðrétt í samræmi við gildandi mæli- og hæðarblöð fyrir Ennishvarf 17.

3) Niðurstaða skipulagsráðs 4. apríl 2022:

Skipulagsráð samþykkir erindið dags. 17. janúar 2022 með áorðnum breytingum dags. 4. apríl 2022 þar sem íbúðarhús að Ennishvarfi 17 er sýnt á skipulagsupprátti í samræmi við gildandi mæli- og hæðarblöð ásamt leiðréttum lóðarmörkum og vísar því til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.


Fylgiskjal 1



Vatnsendahvarf - Athafnasvæði. Deiliskipulag.

Bæjarskipulag Kópavogs, maí 2001

Fylgiskjal 3



Fylgiskjal 4

Andmæli - 2201223 Vatnsendahvarf, athafnasvæði. - 2201223

TölvupósturAðgerðarsagaLesaðgangur

Stofnupplýsingar

Til

: Skipulag;

Frá

: Kolfinna Guðmundsdóttir <kolfinna.gudmundsdottir@gmail.com>

Heiti

: Andmæli - 2201223 Vatnsendahvarf, athafnasvæði.

Málsnúmer

: 2201223

Málsaðili

: Kópavogsbær

Efnisflokkur

Skjalategund

Skráð dags

: 15.3.2022

Höfundur

: Kolfinna Guðmundsdóttir <kolfinna.gudmundsdottir@gmail.com>

Við undirrituð lóðarhavar Ennishvarfs 17 mótmælum harðlega þeirri auglýstu breytingu á lóð okkar sem kemur fram á deiliskipulagsuppdraetti dagsettum 17 janúar 2022. (2201223 Vatnsendahvarf - athafnasvæði. Tillaga að breyttu deiliskipulagi.)

Í umræddri deiliskipulagstillögu er stór hluti lóðarinnar nú merktur sem athafnasvæði þar sem sett hefur verið inn kvóð um grænt svæði.


Vinsamlega staðfestið móttöku póstsins

Kópavogi 15.03. 2022


Virðingarfyllt,

Guðmundur Ingi Bjarnason og Kolfinna Guðmundsdóttir

Fylgiskjal 5 – Mæliblað staðfest 23. apríl 2008



Fylgiskjal 5 – Hæðarblað staðfest 15. maí 2003



Fylgiskjal 6 – Loftmynd sem sýnir lóðamörk



